

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 349/1996.

**Eiríkur Sigfússon**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

gegn

**Páli Alfreðssyni**

(Benedikt Ólafsson hdl.)

Verksamningur. Dráttarvextir.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, innti stefndi af hendi verk við smíði fjögurra sumarhúsa í landi Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi. Voru tvö þeirra eign áfrýjanda sjálfs, en hin í eigu dóttur hans og tengdasonar. Stefndi vann fyrst við húsin í mars 1994. Fyrir Hæstarétti deila málsaðilar einungis um kröfu stefnda fyrir verk, sem unn-  
ið var á tímabilinu frá 8. apríl til 4. maí 1994. Nemur reikningur stefnda fyrir það 659.362 krónum.

Í framburði málsaðila fyrir héraðsdómi kemur fram, að stefndi tók verk þetta að sér að beiðni áfrýjanda. Hins vegar staðhæfir áfrýjandi, að hann hafi beiðið stefnda um verkið fyrir hönd seljanda húsanna, hlutafélagsins Borgarfells. Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki leitt í ljós, að hann hafi komið fram gagnvart stefnda sem umboðsmaður Borgarfells hf.

Fyrir héraðsdómi kvað áfrýjandi stefnda ekki hafa rætt við fyrir-  
svarsmenn Borgarfells hf., áður en hann hóf vinnu við húsin. Er það staðfest af framkvæmdastjóra hlutafélagsins, en hann kvaðst ekki hafa samið við stefnda um „þessa hluti“. Er fallist á með héraðs-  
dómi, að ekki verði séð, að fyrirsvarsmenn Borgarfells hf. hafi átt þátt í þeim viðskiptum áfrýjanda og stefnda, sem um ræðir í málinu. Eftir framansögðu þykir sannað, að samningur hafi stofnast með

málsaðilum um, að stefndi ynni verkið í apríl og maí 1994 fyrir reikning áfrýjanda.

Áfrýjandi andmælir því sérstaklega, að sér sé skylt að greiða dráttarvexti frá 10. júní 1994. Með framburði hans fyrir héraðsdómi verður að telja sannað, að stefndi hafi krafist hann um greiðslu fyrir umdeilt verk eigi síðar en 7. júní 1994. Er áfrýjanda því skylt að greiða stefnda dráttarvexti frá 7. júlí 1994, en þá var liðinn mánuður, frá því að greiðslu var krafist, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Með þessum athugasemdum og með skírskotun til röksemda héraðsdóms um mótbáru áfrýjanda við fjárhæð reikningskröfu stefnda, verður dómurinn staðfestur um annað en upphafstíma dráttarvaxta.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Eiríkur Sigfússon, greiði stefnda, Páli Alfreðssyni, 659.362 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júlí 1994.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. júlí 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Páll Alfreðsson byggingar-meistari, kt. 150845-2039, Klettagerði 5, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 28. september 1995, á hendur Eiríki Sigfússyni, kt. 170641-3539, Sílastöðum, Glæsibæjarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði skuld samkvæmt gjaldföllnum reikningum, samtals að fjárhæð 914.214 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 254.852 kr. frá 1. maí 1994 til 10. júní sama árs, en af 914.214 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, 237.196 kr.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði dæmdar 223.766 kr. í málskostnað.

*Yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni.*

Aðdraganda máls þessa má rekja til fjögurra kaupsamninga, sem gerðir voru milli Borgarfells hf. annars vegar og hins vegar stefnda, Helga Jóhannssonar, og Kristínar S. Eiríksdóttur. Þrír þessara samninga, þ. e. tveir samningar Borgarfells hf. við stefnda auk eins samnings Borgarfells hf. við Helga Jóhannsson, voru gerðir að Sílastöðum 19. apríl 1993, sbr. dskj. nr. 10-12. Fjórdi samningurinn, þ. e. samningur Borgarfells hf. við Kristínu S. Eiríksdóttur, var gerður 25. mars 1994, sbr. dskj. nr. 13.

Samkvæmt samningum þessum tókst Borgarfell hf. á hendur gagnvart gagnaðilum sínum að reisa einingahús í landi Pétursborgar í Glæsibæjarhreppi og fullbúa húsin, eins og nánar var greint í samningunum.

Ætlunin var sú að nota einingahúsin sem sumarhús og selja gestum aðgang að þeim, og voru fyrstu gestirnir væntanlegir í lok mars 1994.

Undir lok marsmánaðar 1994 kom stefnandi, sem er trésmíðameistari, fyrst að gerð einingahúsanna og vann ásamt starfsmönnum sínum sem og öðrum iðnaðarmönnum við frágang þeirra og gerð í því skyni, að smíði þeirra yrði lokið, þegar fyrstu gestir væru væntanlegir. Þá eru aðilar sammála um það, að stefnandi vann í framhaldi að frágangi húsanna að einhverju leyti.

Með aðilum er ágreiningur í málinu um það, hvort stefnandi hafi unnið við einingahúsin fyrir reikning stefnda gegn greiðsluábyrgð stefnda eða verið undirverktaki Borgarfells hf.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að helgina 19. - 20. mars 1994 hefði það orðið úr milli stefnanda og stefnda, að stefnandi kæmi ásamt mönnum sínum og aðstoðaði við uppbyggingu þriggja sumarhúsa, sem risu í Pétursborgarlandi. Mikið hefði legið við, því að fyrstu gestir í sumarhúsin voru væntanlegir fimmtudaginn næstkomandi. Borgarfell hf. hefði unnið verkið, en verið í vandræðum með að ljúka því, m. a. vegna þess, að starfsmenn hefðu gengið frá verki vegna tregðu félagsins við greiðslu vinnulauna. Stefnandi telur Gunnar Frímansson rafvirkja, Ólaf Svanlaugsson, Ofnasmíðjuna Ona hf. og fleiri hafa hætt störfum um einhvern tíma vegna vanefnda Borgarfells hf. Stefnanda hafi verið kunnugt um þessa greiðsluferðleika Borgarfells hf., og því gerði hann stefnda grein fyrir því, að hann myndi ekki vinna verkið fyrir það félag. Stefnandi hefði því litið svo á, að stefndi hefði í reynd tekið við verkinu og séð um greiðslur vegna þess.

Stefndi hefði svo við lok verks beðið stefnanda að stíla reikninga á Borgarfell hf., vegna þess að stefndi héldi eftir fé vegna vanefnda Borgarfells hf. og hygðist nota þessa reikninga til að skuldajafna. Stefnandi hefði gert þau mistök að fara að ráðum stefnda, enda taldi stefnandi, að hann gæti treyst stefnda, sem er mágur hans. Stefnandi hefði því sent tvo reikninga, sbr.

dskj. nr. 3 og 4, til Borgarfells hf., og væru þeir báðir enn ógreiddir. Stefnandi líti svo á, að Borgarfell hf. skuldi sér ekki greinda reikninga, en forráðamenn félagsins báðu hann ekki að inna umrædda vinnu af hendi. Stefndi hefði svo skömmu síðar beðið stefnanda að lagfæra frágang húsanna frá því, sem hann hefði verið, þegar Borgarfell hf. skilaði húsunum af sér. Sem fyrr hefði stefndi ekki getið þess, að verkið væri unnið fyrir Borgarfell hf., en ekki hefði komið til þess, að reikningar væru stílaðir á félagið. Þegar stefnandi hefði borið vinnuseðla vegna þessarar vinnu undir stefnda, hefði stefndi svarað með þjósti, að reikningarnir kæmu sér ekki við, en Borgarfell hf. ætti að greiða þá. Þetta hefði verið í fyrsta skipti, sem stefnandi heyrði af því, að Borgarfell hf. skyldi greiða sér, og gildi það jafnt um fyrra verkið sem hið síðara.

Stefnanda hefði verið kunnugt um, að samningur Borgarfells hf. og stefnda fæli það í sér, að Borgarfell hf. skilaði stefnanda fullbúnum húsum. Þá hefði stefnanda verið kunnugt um, að eitt húsanna hefði verið í eigu tengdasonar stefnda, Helga Jóhannssonar, og annað verið í eigu dóttur stefnda, Kristínar S. Eiríksdóttur. Stefnanda hefði verið með öllu ókunnugt um, hverjar kröfur Borgarfell hf. átti útistandandi á stefnda, er stefndi gæti nýtt sem greiðslu til verktaka við verkið. Stefnanda hefði einnig verið ókunnugt um, hver frágangur húsanna átti að vera við skil húsanna, en ætlar þó, að skila hafi átt húsunum fullfrágengnum, þó að hann kunni ekki að greina frá því nánar. Stefnandi neitar með öllu að hafa ætlað að taka sumarhús upp í skuldir Borgarfells hf. við stefnanda.

Stefndi kom fyrir dóminn og bar, að stefnandi hefði talið það fráleitt, að unnt væri að ljúka við húsin á nauðsynlegum tíma. Stefndi hefði því spurt Daníel Þorsteinsson, forráðamann Borgarfells hf., hvort bæta mætti við mönnum, og Daníel hefði samþykkt það. Stefndi hefði gert stefnanda ljóst, að verkið væri unnið í nafni Borgarfells hf., og bent honum á að semja við Borgarfellsmenn um, að greiðslur stefnda til Borgarfells hf. yrðu látnar ganga beint til stefnanda fyrir þá vinnu, sem hann myndi inna af hendi. Stefndi hugðist láta greiðslur fyrir hús dóttur sinnar, Kristínar, renna til þessara þarfa, ef af yrði, en nóg var til að skuldajafna með á þessum tíma. Hinn 10. maí 1994 hefði stefnandi óskað greiðslu af stefnda, en stefndi hefði ráðlagt stefnanda að afla samþykkis Borgarfells hf. fyrir greiðslu stefnda til stefnanda. Stefndi neitar því, að stefnandi hafi framvísað við sig einhverjum vinnuótum. Þá hafnar stefndi því, að stefnandi hafi gert stefnda ljóst, að verkið væri unnið á reikning stefnda. Kvaðst stefndi ekki kannast við reikninga stefnanda og telur þá of háa og að hluta til vegna vinnu á Dalvík. Borgarfell hf. hefði innheimt stíft greiðslur vegna húsanna, eftir því sem

verkið vannst, en endanlegt uppgjör hefði þó ekki farið fram fyrir en miklu síðar, en stefndi áætlað, að út af hafi staðið u. þ. b. 250.000 kr.

Stefndi hefði haft þennan hátt á í uppgjóri sínu við Framtak Ona hf., sem hann hafði lagt til við stefnanda, þ. e., að stefndi greiddi beint gegn framvísun yfirlýsingar frá Borgarfelli hf. Í tilfelli Framtaks Ona hf. hefði stefndi þó talið skriflega yfirlýsingu frá Framtaki Ona hf. nægja.

Stefndi kveður framkvæmdir hafa verið tvenns konar, þ. e. innan og utan húsanna. Stefndi kvaðst, þegar innri framkvæmdum var lokið, hafa beðið Borgarfell hf. um að fá stefnanda til að ljúka líka vinnu við húsinn að utan, en ýmislegt annað hefði þarfnast lagfæringar. Á það hefði Borgarfell fallist.

Fyrir dómi bar vitnið Daníel Þorsteinsson, kt. 160655-3219, Hléskógum, Egilsstöðum, en hann var forsvarsmaður Borgarfells hf. á þeim tíma, sem hér um ræðir, að dráttur hefði orðið á verkinu og hann því heimilað, að nýr undirverktaki, stefnandi, tæki að sér að ljúka verkinu fyrir Borgarfell hf. Það hefði verið skilningur sinn, að stefnandi gæti fengið hjá sér heimild til þess að taka við greiðslum frá stefnda, sem ætlunin væri, að rynnu til Borgarfells hf. Til þess hefði þó þurft að leggja fram reikninga til samþykktar eða synjunar, en slíkt hefði ekki verið gert. Hann hefði aldrei fengið nema fyrstu reikningana og þeir ekki verið samþykktir. Hann hefði þó látið nægja að fá samþykki stefnda fyrir reikningum. Stefndi hefði þó tjáð sér, að reikningarnir væru allt of háir. Þá hefði stefndi við uppgjör spurt sig sérstaklega, hvort stefnandi hefði ekki óskað eftir því, að stefndi annaðist uppgjör við stefnanda. Hefði hann sagt það öðru nær, því að stefnandi hefði framvísað reikningum fyrir vinnuna með því fororði, að ekkert lægi á að greiða, enda stóð til, að stefnandi fengi sumarhús sem greiðslu.

Fyrir dóminn kom vitnið Guðbjörn Gardarsson, framkvæmdastjóri Framtaks Ona hf., pípulagningarþjónustu, kt. 160462-7799, Grænu götu 10, Akureyri, og skýrði svo frá, að hann hefði neitað að vinna að smíði húsanna án tryggingar. Borgarfell hf. hefði svo framvísað greiðslu, sem stefndi átti að greiða fyrir húsinn, til Framtaks Ona hf., og hefði hann litið á það sem tryggingu. Í reynd hefði verið um að ræða munnlega yfirlýsingu frá Þórhalli nokkrum hjá Borgarfelli hf. um, að þennan hátt skyldi hafa á. Hann hefði því lagt fram reikning, stílaðan á Borgarfell hf., til stefnda, sem hefði gert upp við Framtak Ona hf. Sér hefði ekki verið ljóst, hver hefði átt að samþykka reikninginn. Stefndi hefði minnst á, að reikningurinn væri hár, en engar sérstakar athugasemdir gert. Þá hefði það verið skilyrði greiðslu, að Framtak Ona hf. gæfi sérstaka yfirlýsingu um, að þennan hátt greiðslu skyldi hafa á, og að samþykki Borgarfellsmanna hefði verið fengið við þessum greiðsluhætti. Hefði stefndi neitað greiðslu, hefði Framtak Ona hf. þurft að snúa sér að Borgarfelli hf.

Fyrir dóminn kom vitnið Gunnar Frímansson, kt. 250149-4099, Arnarsíðu 12 a, Akureyri. Dró hann til baka yfirlýsingu sína, sem liggur frammi sem dómskjal nr. 19. Samkvæmt þeirri yfirlýsingu hafði hann heyrt stefnda tala við stefnanda í hófi, sem stefndi hélt, rétt áður en fyrstu gestir stefnda komu til dvalar í húsunum. Hefði hann heyrt á tali þeirra stefnda brýna fyrir stefnanda nauðsyn þess, að reikningar væru stílaðir á Borgarfell hf. og að stefndi myndi ábyrgjast greiðslu þeirra. Ástæðu þess, að yfirlýsing þessi var gefin, hefði verið sú, að hann misminnti eða misskildi, hvernig málum hefði verið háttað. Samræðurnar hefðu hins vegar verið með þeim hætti, að stefndi héldi eftir peningum til greiðslu reikninga frá stefnanda. Hann hefði hins vegar ekki heyrt stefnda biðja stefnanda um að stíla reikninga á Borgarfell hf. Hann hefði ekki heldur heyrt stefnda gefa neins konar ábyrgðarloforð. Hann líti svo á, að samkomulag hefði verið um það, að haldið yrði eftir peningum til þess að tryggja greiðslu til iðnaðarmanna, sem unnu við verkið. Þá hefði Borgarfell hf. gert upp við sig samkvæmt verksamningi sínum við Borgarfell hf. á að giska hálfum mánuði eftir, að gerð húsanna lauk.

#### *Helstu málsástæður stefnanda og lagarök.*

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi pantað af sér það vinnuframlag, sem stefnandi lagði til við frágang og gerð húsanna, og verkið unnið á hans reikning. Málið sé þannig byggt á reikningum sínum nr. 231, 229 og 0072, sbr. dskj. nr. 3 - 5.

Stefndi hafi hins vegar æskt þess, að reikningar vegna þessa yrðu stílaðir á Borgarfell, en stefnanda hefði litist illa á það, þar sem sér var kunnug slæm staða félagsins. Hefði stefnandi því gefið út reikninga nr. 231 og 229 á hendur Borgarfelli hf. með því skilyrði, að stefndi bæri ábyrgð á greiðslu reikninganna eftir sem áður. Stefndi hefði talið þetta vandalaust, þar sem hann héldi eftir eftirstöðvum greiðslum til Borgarfells hf. fyrir húsin og myndi því sjá sjálfur um greiðslu reikninganna, ef þeir yrðu ekki strax greiddir af Borgarfelli hf.

Stefndi hefði fljótlega beðið stefnanda að vinna frekar að frágangi húsanna og breytingum á þeim. Hefði stefnandi og menn hans unnið við þetta 8. apríl 1994 til 5. maí s. á. Að loknu verki, þ. e. 10. maí, hefði stefnandi framvísað vinnuseðlum vegna verksins, en ekki fengið greitt (sbr. síðar gerðan reikning nr. 0072, sbr. dskj. nr. 5). Auk þess hefði stefnandi tjáð stefnda, að fyrri reikningar, sem stílaðir voru á Borgarfell, hefðu verið ógreiddir. Heldur stefnandi því fram, að stefndi beri greiðsluábyrgð á reikningunum, sem stílaðir voru á Borgarfell, en beina greiðsluskyldu á þriðja reikningnum. Stefnandi hefði ekki átt nein samskipti við Borgarfell hf. vegna verksins og stefnda verið ljóst, að það var unnið fyrir hans reikn-

ing. Þá hefði fjárhæð reikninganna aldrei verið tölulega mótmælt né gæði verksins vefengd.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til almennra reglna kröfuréttar og ákvæða laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

#### *Helstu málsástæður stefnda og lagarök.*

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi vitað frá upphafi, að hann tók að sér verkið í heild sinni fyrir Borgarfell hf. og að mönnum, sem unnið höfðu fyrir Borgarfell hf., hafði gengið illa að fá greiðslur fyrir vinnu sína. Því hefði verið um það samið, að stefnandi framvísaði reikningum til stefnda eins fljótt og kostur væri ásamt yfirlýsingu frá Borgarfelli hf., þar sem félagið samþykkti, að stefndi yfirfæri og greiddi reikningana. Þær greiðslur stefnda rynnu þá upp í kaup Kristínar S. Eiríksdóttur, dóttur stefnda, á fjórða sumarhúsinu, sem Borgarfell hf. hafði þá þegar reist í landi Pétursborgar. Þá hefðu stefnandi og Borgarfell hf. átt í náinni samvinnu á þeim tíma, sem stefnandi vann við sumarhús stefnda og fjölskyldu hans í landi Pétursborgar.

Stefnandi hafi aldrei framvísað reikningum hjá stefnda vegna vinnu sinnar í þágu Borgarfells hf. né yfirlýsingu félagsins um heimild stefnda til að greiða stefnanda. Þá hafi stefnandi gefið út yfirlýsingu þess efnis, að hann ætti engar kröfur á stefnda, en hygðist ljúka uppgjöri vegna vinnu við sumarhúsin með móttöku sumarhúss frá Borgarfelli hf. Daníel Þorsteinsson, forráðamaður Borgarfells hf., hafi tjáð stefnda, að stefnandi hygðist hafa þennan hátt á, en ekki annan, við uppgjör skuldarinnar. Stefndi hafi haft samband við stefnanda, og hafi hann staðfest þessa yfirlýsingu Daníels. Þá sé kona stefnda rekstraraðili húsanna, og því komi ekki til greina, að verkið sé unnið fyrir reikning stefnda.

Um lagarök vísar stefndi einkum til almennra reglna kröfuréttarins.

#### *Álit dómsins.*

Af vitnaskýrslum verður ráðið, að stefndi hafði að miklu leyti umsjón með smíði þeirra sumarhúsa, sem varða mál þetta. Miða verður við, að stefndi hafi haft eftirlit fyrir hönd Borgarfells hf. með framkvæmdum og vald til að samþykkja reikninga fyrir hönd félagsins.

Þá verður að gera ráð fyrir því, að hægt hafi miðað vegna fjárhagsörðugleika aðalverktakans við verkið, Borgarfells hf., en menn á hans vegum höfðu m. a. um tíma gengið af vinnustað vegna greiðsludráttar. Eins verður að miða við, að stefndi hafi í því skyni að tryggja atbeina þeirra, sem Borgarfell hf. réð til verksins, haft milligöngu um, að Borgarfell hf. afsalaði viðkomandi undirverktökum greiðslum sínum til félagsins. Af þessu verður

ráðið, að þáttur stefnda í uppbyggingu sumarhúsanna varð sífellt umfangsmeiri.

Þrátt fyrir þessar ráðstafanir stefnda liggur ljóst fyrir, að helgina 19. - 20. mars 1994, örfáum dögum áður en von var á fyrstu gestum í sumarhúsin, var útséð um, að framkvæmdum yrði lokið á tilsettum tíma. Það er einmitt þá, sem úr verður milli stefnanda og stefnda, að stefnandi komi ásamt fleirum og aðstoði við smíði húsanna. Að þessum skiptum stefnanda og stefnda verður ekki séð, að forsvarsmenn Borgarfells hf. hafi komið með beinum hætti.

Með vísan til þessara aðstæðna verður að ætla, að stefnandi, sem var kunnugt um erfiðleika Borgarfells hf., hafi ekki ætlað sér að vinna sem undirverktaki Borgarfells hf., heldur fyrir reikning stefnda. Einnig verður að telja, að sívaxandi hlutdeild stefnda í framkvæmdunum, bæði að því er varðar fjármálahlið þeirra sem og eftirlit, hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að þessi trú hans væri rétt. Þó er til þess að líta, að stefndi stílaði tvo reikninga á Borgarfell hf., og þykir stefnandi því ekki gegn eindregnum andmælum stefnda eiga rétt til greiðslu þeirra, þar sem ekki er fullljóst um tildrög þess, að reikningarnir voru stílaðir á félagið. Þar með þykir stefnandi samkvæmt þriðja reikningnum eiga rétt til greiðslu á 659.362 kr. Stefndi hefur mótmælt þeim reikningi sem of háum, en með vísan til meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 þykir ekki nægjanlega sannað af hálfu stefnda, að svo sé.

Það athugast, að í máli þessu er því ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að honum hafi verið framseldar greiðslur stefnda til Borgarfells hf. til tryggingar greiðslu á fyrstu tveimur reikningunum.

Með þessari niðurstöðu þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Eiríkur Sigfússon, greiði stefnanda, Páli Alfreðssyni, 659.362 kr. með dráttarvöxtum frá 10. júní 1994 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.